

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2009.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins, 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 292 – 256. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar. Núgildandi lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 verður breytt töluvert með frumvarpinu. Rétt er að vekja athygli á því að meiri tíma þyrfti til skoðunar svo umfangsmikilla breytinga. Hins vegar eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

3. gr. – Kveðið er á um skattlagningu arðgreiðslna í ákveðnum tilvikum sem launatekjur hjá móttakanda. Ekki er skýrt að félaginu sem greiðir arðgreiðslurnar sé heimill samsvarandi frá dráttur frá tekjum sínum. Af því leiðir tvískattlagning, þ.e. fyrst eru tekjurnar skattlagðar hjá félaginu og aftur hjá hluthafanum sem launatekjur án þess að til kom frádráttur.

Þetta getur leitt til verulega hærri raunskattlagningu hluthafa í smærri félögum heldur en hæsta skattþrep tekjuskatts leiðir til.

4. gr. – Kveðið er á um niðurfellingu sérreglu um skattlagningu afleiðusamninga. Í greinargerð er vikið að því að ávinningur af afleiðusamningum hafi verið skattlagður sem vaxtatekjur án tillits til undirliggjandi verðmæta. Yfirskattanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu en þó alltaf þegar um einstaklinga er að ræða.

Vekja má athygli á því að vextir eru alla jafna skilgreindir sem þær tekjur sem lánveitandi hefur af því að heimila lántaka afnot af fé. Það fer alveg eftir atvikum máls hvort um slíkt er að ræða þegar afleiðusamningar eiga í hlut. Óskýr vaxta skilgreining laga um tekjuskatt gerir það því að verkum að ummæli í greinargerð kunna að vera röng í einhverjum tilfellum. Því væri æskilegt að í lögum um tekjuskatt væri tekið fram hvernig fara eigi með tekjur af afleiðusamningum. Eftir breytinguna verður hvergi í lögnum minnst á afleiðusamninga eða skattalega meðferð þeirra og er það til þess fallið að valda óvissu.

5. gr. – Túlka má ákvæðið þannig að ef launamaður er með nægilega há laun umfram lágmarkslaun kjarasamninga þá verði lífeyrisiðgjöld hans tvískattlögð, fyrst við greiðslu inn í lífeyrissjóð og aftur við úttekt úr lífeyrissjóði að því marki sem þær eru umfram kr. 2.000.000.- á ári.

Þetta getur leitt til tvískattlagningar sömu tekna sem almennt er í ósamræmi við uppbyggingu laga um tekjuskatt.

8. gr. – Loka málsliður greinarinnar er til þess fallinn að valda verulegri óvissu þar sem erfitt getur reynst að greina á milli lántöku vegna almenns rekstrar og lántöku sama aðila sem telst vera endurfjármögnun vegna kaupa hlutafjár.

Þetta getur leitt til þess að rekstrarfélög verði í vafa um það hvort vaxtagjöld vegna lántöku verða frádráttarbær.

14. gr. – Með þrepaskiptingu er aðeins tekið tillit til þess að hluta ef samsköttuð pör hafa misháar tekjur og lenda í mismunandi skattþrepum. Hagræðið af samsköttun er því takmarkað. Þrátt fyrir það þá eru engin takmörk á sameiginlegri ábyrgð slíkra para skv. 116. gr. laga um tekjuskatt. Rétt væri að samræmi ábyrgðina þannig að hún sé takmörkuð við það hagræði sem pör njóta af samsköttun.

17. gr. – Í liðum c., f, g, h og i er mælt fyrir um skatthlutfall af tekjum en ekki tekjuskattsstofni. Af því leiðir að skatthlutfallið verður lagt á heildartekjur án tillits til kostnaðar. Því getur raunskattlagning verið miklum mun hærri en skatthlutfallið bendir til, allt eftir því hver kostnaður hins erlenda aðila er hverju sinni. Slík skattlagning getur farið í bága við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES samningnum, þ.e. fjórfrelsis ákvæðum hans.

25. gr. – Í bráðabirgðaákvæði XXXIII b) er hugtakið skattalega bókfært eigið fé notað, það hugtak er ekki skilgreint og getur því valdið vafa um við hvað sé átt. Þá er hagræði samsköttunar takmarkað, sbr. lið i) án þess að gagnkvæmar ábyrgðir para séu takmarkaðar, sbr. athugasemdir 14. gr.

28., 30. og 31. gr. – Skyldur launamanns til þess að upplýsa um rétt staðgreiðsluhlutfall og ábyrgð viðkomandi á því að haldin verði eftir rétt staðgreiðsla virðist til þess fallin að auðveldlega komi upp tilfelli þar sem staðgreiðsla er ekki rétt haldið eftir og launamaður verði ábyrgur fyrir því. Þetta er til þess fallið að áhætta af staðgreiðsluskilum færist yfir á launamenn sem kunna að hafa takmarkaða yfirsýn yfir það hvernig slíkum málum er háttað. Telja verður að það geti orðið launamönnum til tjóns.

40. gr. – Að því marki sem íþyngjandi ákvæðum um skattlagningu, sbr. 25. m.a. um auðlegðarskattlagningu, er veitt gildi vegna þess árs sem nú er nær liðið þá vakna upp spurningar um mögulega afturvirk áhrif og samspil slíkrar skattlagningar við 2. mgr. 77. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands. Rétt væri að það færi fram ítarleg athugun á mögulegri afturvirkni áður en endanlegt samþykki frumvarpsins fer fram.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Eva Bryndís Helgadóttir, hrl. formaður.